

Fundur ungmennaráðs

haldinn í félagsmiðstöðinni 11. mars 2019 kl. 17:00

Mætt eru Aníta Hanna Kristjánsdóttir, Ketill Ingi Guðmundsson (í forföllum Adrian Kowalczyk), Solveig Rúna Eiríksdóttir, Tindur Ólafur Guðmundsson og Viktor Benoný Benediktsson. Einnig sat fundinn Jóhanna Ösp Einarsdóttir og ritaði fundargerð.

1. Niðurstöður ungmennabings:

Á ungmennabingi kom fram að ungmenni vilja hafa kosningar í ungmennaráð á tveggja ára fresti og fara því fram á að erindisbréfi verði breytt samkvæmt því.

2. Íþróttæfingar:

Lítið framboð er á íþróttæfingum fyrir ungmenni. Ungmennaráði finnst mikilvægt að ungmenni hafi val um að iðka íþróttir. Ungmennaráð óskar eftir að mennta og menningamálanefnd ásamt ungmennafélaginu, skoði málið.

3. Húsnæðismál:

Ungmennaráð óskar eftir upplýsingafundi með sveitarstjórn til að fara yfir húsnæðismál. Húsnæðismál eru eitthvað sem snertir ungt fólk í sveitarfélaginu.

4. Göngustígar:

Gangandi fólk þyrfti að vera í öruggari aðstæðum á Reykhólum. Það þyrfti að klára hringinn, að það sé gangstétt meðfram götum og koma upp gangbrautum. Hámarkshraða skilti fyrir íbúahverfi er bara uppi á sumrin. Ungmennaráð skorar á sveitarstjórn að skoða þessi mál.

5. Sundlaugin:

Það þyrfti að vera meira hreinlæti í sundlauginni og uppfæra aðstöðuna í sundlauginni. Ungmennaráð óskar eftir upplýsingum varðandi vaðlaug. Nú hefur verið söfnun í gangi í mörg ár og ungmennaráðið óskar eftir að fá upplýsingar um stöðu mála.

6. Húsnæði fyrir félagsmiðstöð:

Ungmennaráð þakkar fyrir húsnæði undir félagsmiðstöðina. Þó þarf að skoða frekari lagfæringar á húsnæðinu, það þarf að athuga kyndingu og laga gólf. Jafnframt óskar ungmennaráð eftir því að fá upplýsingar um fyrirhugað framtíðarhúsnæði og óskar eftir því að ákvörðun um framtíðarhúsnæði verði tekin í samráði við ungmenni, hvort sem húsnæði verður staðsett í núverandi húsi eða annarsstaðar.

7. Ungmennabing í apríl

Næsta ungmennabing er fyrirhugað 15. apríl í félagsmiðstöðinni og hefst kl. 18:30.

Umræðuefni ungmennabingsins verður afþreying fyrir ungt fólk í Reykhólahreppi.

Drög að dagskrá:

- Tómsundastrætó
- Íþróttastarf
- Aðstaða, mörkin á fótbolavellinum og körfuboltavöllur

- Hvað með 16 ára og eldri?
- Viðburðir fyrir ungt fólk á Reykhóladögum, krakkaball, vímulaust ball 13-18 ára og fullorðins ball.

Ungmennaráð býður eftirfarandi aðilum á ungmennapíngið:

- Fulltrúa úr sveitarstjórn
- Fulltrúa frá ungmennafélaginu
- Fulltrúa úr mennta og menningarmálanefnd

Gaman væri ef þessir aðilar væru tilbúnir að vera með innlegg á þingið.

8. Photo voice

Ungmennaráð mun kynna fyrir 8.-10. bekk verkefnið, sem allir geta tekið þátt í.

Fundi slitið kl. 18:00